

Nd.

482. Nefndarálit

[174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumv. til meðferðar nokkra hrið, rætt efni þess á mörgum fundum og sent það til umsagnar Búnaðarþingi, Landssambandi ísl. stangveiðimanna, Landssambandi veiðifélaga, Félagi áhugamanna um fiskrækt, veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum og höfðu flestir sitt hvað að athuga við frumv. En telja má þó, að áhugi kæmi fram hjá þeim öllum fyrir því, að frumv. næði fram að ganga á þessu þingi, þar sem það fæli í sér breytingar til bóta frá eldri lögum.

Landbúnaðarnefnd hefur orðið sammála um að mæla með frumvarpinu og leggur um leið fram nokkrar breytingartillögur, er hún flytur á sérstöku þingskjali. Margar breytingartillögur voru ræddar, þótt eigi næðist um þær samstaða. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. -- BGr var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Jónas Pétursson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Stefán Valgeirsson.

Eðvarð Sigurðsson.